



Fundargerð fræðslunefndar Skagastrandar

Fundur var haldinn fimmtudaginn 3. apríl 2025. Notast var við fjarfundabúnað.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Ástrós Elísdóttir, Judith Maria Scheja, Jón Ólafur Sigurjónsson, Þórey Fjóra Aradóttir og Guðni Már Lýðsson.

Aðrir: Krístrún Lind Birgisdóttir frá Ásgarði skólaráðgjöf og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Ástrós Elísdóttir formaður stýrði fundinum og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Jón Ólafur Sigurjónsson lýsti sig vanhæfan til að fjalla um málefni fundarins og vék af fundi.

Dagskrá:

1. Ásgarður skólaþjónusta – úttekt á Höfðaskóla

Sveitarfélagið samþykkti á fundi sínum í janúar að gera samning við Ásgarð skólaráðgjöf um skólaþjónustu við starfsfólk leik- og grunnskóla og framkvæmd menntastefnu ríkisins. Hluti af þeim verkefnum sem falla undir samninginn snúa að því að útfæra úthlutunarmodel sveitarfélagsins um úthlutun á almennu náms og kennslumagni annars vegar og stoðþjónustu hins vegar.

Ásgarður framkvæmdi úttekt á stöðugildum og kennslumagni Höfðaskóla þann 19. febrúar sl. Úttektin fól í sér skimun á starfsháttum skólans út frá viðmiðunarstundarskrá aðalnámsskrár og reglugerð um stoðþjónustu. Skólaheimsóknin var einn dagur og tekin voru viðtöl við stjórnendur, aðgengileg gögn á heimasíðu skólans rýnd, gæði skólans skimað út frá gæðaviðmiðum MMS 2022 um ytra mat og þá var mönnun og nýting starfsmanna skilgreind út frá þekktum viðmiðum.

a. Úttekt á kennslumagni Höfðaskóla

Núverandi kennslumagn skólans er 319 kennslustundir sem nema 12,3 stöðugildum í kennslu. Þegar úthlutað er samkvæmt viðmiðum í grunnskólum með samkennslu nemur grunnúthlutun á kennslumagni 180 kennslustundum eða um 7 stöðugildum. Umframstöðugildi eru því rúmlega 5 en þá hefur ekki verið tekið tillit til sérþarfa, sérkennslu eða annarra séraðstæðna við skólann.

Fyrir fundinum liggur svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að fræðslunefnd úthluti kennslumagni í samræmi við viðmið um úthlutun í grunnskólum með samkennslu og kennslumagn nemi því 180 kennslustundum á komandi skólaári 2025/2026. Ráðgjöfum Ásgarðs verði falið í

samráði við skólastjóra og deildarstjóra stoðþjónustu að taka tillit til sérþarfa, sérkennslu og annarra séraðstæðna fyrir næsta skólaár.

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum. (ÁE, GML, ÞFA, JMS)

b. Endurskoðun stjórnendahlutfalls

Í úttektinni kemur fram að stjórnun við grunnskólann sé rífleg og skoða þurfi leiðir til að endurskipuleggja stjórnunina. Nemendur eru 65 talsins en starfandi eru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri báðir með kennsluskyldu ásamt deildarstjóra stoðþjónustu í fullu starfi. Skoða þarf umfang starfanna og verkefni. Áætlaður nemendafjöldi vegna skólaárs 2025/2026 er 70.

Fyrir fundinum liggur svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að ráðgjöfum Ásgarðs ásamt sveitarstjóra verði falið að greina störf stjórnenda og leggja til skipulagsbreytingar. Rýna þarf verkefni skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra stoðþjónustu með tilliti til umfangs, verkefna og kennsluskyldu.

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum. (ÁE, GML, ÞFA, JMS)

c. Stofnun vinnuhóps um fyrirkomulag úthlutunar á stoðþjónustu

Fyrir fundinum liggur svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að fræðslunefnd stofni vinnuhóp um fyrirkomulag úthlutunar á stoðþjónustu allra barna í sveitarfélaginu. Hópnum er ætlað að skila tillögu til fræðslunefndar fyrir 1. maí 2026. Í hópnum verði deildarstjóri stoðþjónustu grunnskólans og sérkennslustjóri leikskólans auk verkefnastjóra frá skólaráðgjafþjónustunni Ásgarði. Skólastjórnendur skólanna verði til samráðs.

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum. (ÁE, GML, ÞFA, JMS)

2. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:48

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Þórey Fjóra Aradóttir

Guðni Már Lýðsson

Jón Ólafur Sigurjónsson

Judith Maria Scheja

Ástrós Elísdóttir